

Ed.

947. Frumvarp til laga

[427. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti:

Það sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum, nú Convention Internationale des Télécommunications, Nairobi 1982, þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boða eftir leiðslum með rafsegulöldum, radíó- eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Fjarskiptavirki:

Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem mynda kerfi sem sérstaklega eru ætluð til að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Fjarskiptavirki eru m.a.:

1. Talsíma- og fjölsímakerfi.
2. Ritsíma-, loftskeyta- og telex-kerfi.

3. Radió- og gervitunglakerfi.
4. Gagnaflutningskerfi.
5. Farsímakerfi.
6. Boðkerfi (paging).
7. Breiðbands- og sjónvarpsflutningskerfi.
8. Notendakerfi sem er hvers konar tæki og tækjabúnaður innan húsrýmis eða starfsstöðvar notanda ásamt leiðslum sem m.a. eru lagðar frá þeim hluta fjarskiptavirkis ríkisins sem staðsett er innan húsrýmis notanda.
9. Hljóðvarpsdreifikerfi.
10. Sjónvarpsdreifikerfi.

II. KAFLI

Réttur til reksturs fjarskipta.

2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að eiga og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskiptavirki til almenningsnota, svo og að halda og gefa út nafnaskrá um þau og notendur þeirra.

Einkaréttur ríkisins nær ekki til notendakerfa.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál, getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað einstökum innlendum mönnum, félögum eða stofnunum að eiga og reka fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

Fjarskipti, sem fara ekki um fjarskiptavirki ríkisins, þegar eingöngu er um að ræða boð eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

3. gr.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar búnað er tengja á við fjarskiptavirki ríkisins, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunar eða annarrar þeirrar ríkisstofnunar, sem ráðherra gefur umboð til að veita slíka viðurkenningu, um að hver og ein tegund eða gerð tegundar búnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tækniröfur sem gilda þar um.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu fjarskiptavirkja skulu hafa til þess tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú er synjað um viðurkenningu á fjarskiptavirki og skal þá fylgja rökstuðningur þar að lútandi og m.a. tilvitnun í þá reglugerð eða þær alþjóðareglur sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu viðurkenningaradila, sbr. 1. mgr., en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og viðurkenningaradila.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki sem ekki eru í notkun eða hluta þeirra eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki rjúfa án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, loftförum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

III. KAFLI

Skylda til þess að hafa fjarskiptavirki í farartækjum.

6. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

7. gr.

Póst- og símamálastofnun annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Stofnunin hefur eftirlit með því að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum sé fylgt.

8. gr.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að láta framkvæma breytingar og endurbætur á fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast.

9. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin veitir, sbr. lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Ráðherra setur almennar reglur um verðlagningu söluvöru sem stofnunin lætur notendum í té. Stofnunin gefur út verðskrá sem liggur frammi á öllum afgreiðslustöðum stofnunarinnar.

Ráðherra setur að öðru leyti í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

10. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa Póst- og símamálastofnuninni að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn mannvirkja um hvar leiðslur, sem snerta eign þeirra, séu lagðar

eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Menn, sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna, skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýn-asta nauðsyn krefur.

11. gr.

Þar sem fjarskiptavirki ríkisins eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir sem ákveða slíkar framkvæmdir og þeir sem annast þær bera allan beinan kostnað sem af þeim leiðir, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa óvænt eða af gáleysi valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá er þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það Póst- og símamálastofnuninni og jafnframt greiða allan beinan kostnað sem af því leiðir, nema annað verði að samkomulagi.

Hafi einhver umráð yfir einhvers konar mannvirkjum, tækjum, pípum, raflögnum, leiðslum og því um líku sem valdið geta truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir бага þann sem af þessu hlýst eða getur hlotist á fjarskiptavirkjum.

12. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskipta- strengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufli verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

13. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðarskýrslu um tjónið í fyrstu höfn sem því verður við komið.

Formaður dóms, er við sjóferðarskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengj-anna um tjónið.

14. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskipta- virkja ríkisins og samningum um kaup verður ekki við komið má, að fengnu samþykki ráðherra, taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi sem metið sé eftir eignarnámslögum. Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við skulu bæturnar metnar samkvæmt lögum.

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

15. gr.

Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni fjarskipta sem fara um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að þau hafi farið fram og hverjir hafi fengið þau og sent.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl sem almenningi er ekki ætlað að sjá eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

16. gr.

Enginn starfsmaður fjarskiptavirkja ríkisins má ónýta eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum í þess konar athæfi.

17. gr.

Í leyfisbréfum, er Póst- og símamálastofnunin gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

18. gr.

Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

19. gr.

Ríkisstjórnin getur stöðvað skeyti, símtöl eða önnur fjarskipti sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða brjóta í bága við lög landsins og almennt velsæmi.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættutímum.

20. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins getur ríkisstjórnin fyrirskipað að engir aðrir en þeir sem heimild hafa til þess frá Póst- og símamálastofnuninni megi eiga eða hafa í vörslum sínum tiltekna tegundir fjarskiptavirkja eða hluti sem eru sérstaklega ætlaðir í þau og ekki heldur aðrar tiltekna tegundir tækja sem nota má til þess að koma á fjarskiptum.

21. gr.

Nú á maður eða hefur í vörslum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki sem nefnd eru í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 20. gr. og skal hann þá þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnuninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því sem hún mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati dómkvaddra manna.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar.

22. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir og Alþingi staðfestir, skulu ásamt þar að lútandi reglugerðum gilda sem lög.

X. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum.

23. gr.

1. Brot gegn 2.–6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum varðar það sektum, nema verki sé svo farið að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá sem skemmdum eða truflun hefur valdið skal bæta allt tjón sem af því hefur hlotist.
3. Brot gegn 15. gr., sbr. og 17. gr., varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerst, úr starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar sem í 3. gr. getur, sbr. 17. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar ef ráðherra krefst þess.
Hafi brot gegn 15. gr., sbr. 17. gr., verið framið af gáleysi varðar það sektum.
4. Brot gegn 16. gr., sbr. 17. gr., varðar refsingu skv. 137. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. tölul. hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerst, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi varðar það sektum.
5. Brot gegn 18. gr. varðar sektum skv. 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 20. og 21. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varðar varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Brot gegn 22. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.
8. Þann sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
9. Ákveða má í reglugerðum sem settar verða samkvæmt lögum þessum að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 73 28. maí 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 27. maí 1986, skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nefnd til að endurskoða lög um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, „í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd þeirra og þeirra öru breytinga sem átt hafa sér stað á sviði fjarskipta“.

Í nefndinni áttu sæti Jón A. Skúlason, fyrrverandi póst- og símamálastjóri, sem jafnframt var formaður hennar, Helgi Pétursson blaðafulltrúi, Jón Birgir Jónsson yfirverkfræðingur, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Leifur Magnússon framkvæmdastjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er lögð áhersla á nokkur atriði, m.a. að mörkuð verði stefna varðandi útvarpssendistöðvar og lagningu strengja fyrir útvarpsdreifingu, að endurskoðuð verði skilgreining 1. gr. á notendabúnaði einkum með tilliti til þráðlauss búnaðar og hugsanlegrar staðsetningar hluta hins opinbera fjarskiptakerfis í húskynnum notenda, að skilgreint yrði orðasambandið „í atvinnuskyni“, að tekin yrði afstaða til heimildar á innflutningi annars fjarskiptabúnaðar en notendabúnaðar, sbr. 2. mgr. 2. gr., að kannað yrði hvort rétt sé að skylda Póst- og símamálastofnun til að hafa til sölu notendabúnað og hvort rétt sé að veita fleiri aðilum heimild til viðurkenningar á notendabúnaði. Enn fremur óskaði ráðuneytið álits á því hvort breyta skuli ákvæðum 3. mgr. 9. gr. um undanþágu elli- og örorkulífeyrisþega frá greiðslu afnotagjalda fyrir síma.

Nefndin hóf störf í lok ágúst á síðasta ári og hélt alls 25 fundi. Hún lauk formlega störfum í fyrstu viku marsmánaðar á þessu ári og sendi samgönguráðherra í frumvarpsformi tillögum sínar um breytingar á gildandi fjarskiptalögum með bréfi dags. 3. mars 1987.

Í upphafi kynnti nefndin sér frumvarp til fjarskiptalaga sem lagt var fyrir Alþingi á 106. lögjafarþingi veturinn 1983–1984 og umsagnir um það. Jafnframt var farið yfir þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í lögnum.

Nefndin boðaði á sinn fund Ólaf Tómasson, póst- og símamálastjóra, Þorvarð Jónsson, framkvæmdastjóra tæknideildar Póst- og símamálastofnunar, og Harald Sigurðsson, yfirverkfræðing radiódeildar sömu stofnunar, og veittu þeir nefndinni fróðlegar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og þróun fjarskiptamála hér á landi síðustu áratuginna. Komu þessar upplýsingar nefndinni að verulegu gagni.

Til þess að vekja athygli almennings á starfi nefndarinnar óskaði hún eftir því við samgönguráðuneytið að birt yrði auglýsing í öllum dagblöðum þar sem þeim aðiljum, sem kynnu að vilja koma á framfæri skriflegum athugasemdum eða breytingartillögum varðandi endurskoðun laganna, var gefinn kostur á að senda þær til ráðuneytisins fyrir tilsettan tíma. Tvö erindi bárust, annað frá Rafeind hf. dags. 26. nóv. s.l., en hitt frá Verslunarráði Íslands, og er það dagsett 5. jan. á þessu ári.

Í bréfi Rafeindar hf. er sú tillaga gerð að „æskilegt væri að fella niður einkarétt ríkisins á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti svo og einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra“.

Í erindi Verslunarráðs Íslands eru settar fram eftirfarandi megintillögur:

„1. Prófun á neytendabúnaði verði falin merkjafræðistofnun Háskóla Íslands. Iðntæknistofnun Íslands kæmi einnig til greina. Prófanir viðurkenndra erlendra stofnana verði teknar gildar.

2. Verslun Pósts og síma með notendabúnað verði lögð niður. Staða Póst- og símamálastofnunar gagnvart neytendum verði hliðstæð stöðu rafveitu, vatnsveitu og hitaveitu gagnvart notendum, þ.e. síminn annist lögn inn fyrir húsvegg og tengingu við fjarskiptakerfi. Hvernig framhaldið verður sé notandans að ákveða.

3. Einkaréttur til reksturs fjarskipta og til fjarskiptabjónustu verði takmarkaður, þannig að einkaaðilum gefist kostur á samkeppni í fjarskiptarekstri í atvinnuskyni.“

Að ósk Verslunarráðsins var síðan haldinn fundur í nefndinni 16. jan. 1987 þar sem tillögur þess voru sérstaklega ræddar. Af hálfu ráðsins voru mættir Bjarni Ágústsson, Grímur Laxdal, Paul Hansen og Sigvaldi Þorsteinsson. Til fundarins voru einnig boðaðir fulltrúar Póst- og símamálastofnunar þeir Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóri, og Þorvarður Jónsson, framkvæmdastjóri tæknideildar stofnunarinnar.

Með fyrstu tillögu sinni vildi Verslunarráðið að komið yrði í veg fyrir hugsanlegan ágreining milli seljenda notendabúnaðar og stofnunarinnar þar sem milli þeirra gæti oft verið samkeppni um sölu á sams konar fjarskiptabúnaði. Af hálfu stofnunarinnar var því svarað að vel kæmi til álita að komið yrði á öðru fyrirkomulagi á gæðaprófunum. Það sem skipti mestu máli frá sjónarhóli stofnunarinnar væri að tækin uppfylltu á hverjum tíma þær kröfur sem stofnunin setti um gæði og að eftirlitið væri áfram hjá stofnuninni til að komið yrði í veg fyrir truflanir og skemmdir á hinu opinbera fjarskiptakerfi.

Um aðra tillögu ráðsins sagði póst- og símamálastjóri að ákveðið hefði verið að skilja enn frekar en nú er á milli söludeildar og prófunardeildar stofnunarinnar. Varðandi samlíkinguna við vatnsveitu og rafmagnsveitu sagði hann að það væri alls ekki hægt að líkja símabúnaði á enda fjarskiptakerfis við rofa á rafmagnskerfi eða krana á vatnsveitu, sjá fskj. 1.

Enn fremur hefur stofnunin upplýst að meintur ágreiningur hafi fljótlega dvínað eftir því sem innflytjendur kynntu sér betur þær reglur og fyrirmæli sem samgönguráðuneytið setti stofnuninni og síðar er nánar áréttað í reglugerð nr. 322/1985. Allar prófanir ganga auðveldlega og að því er virðist án árekstra. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki hefur enn komið til málskots eins og lögin veita heimild til.

Þar að auki má fullyrða að samkeppnisaðstaða stofnunarinnar er ekkert öðruvísi en milli innflytjenda almennt. Auglýsingaflóð framleiðslufyrirtækja á þessu sviði er svo gífurlegt að þar eru allir innflytjendur jafn vel settir að fylgjast með því hvað er nýjast og best á boðstólum hverju sinni. Í þessum efnum er það menntun og hæfni starfsmanna fyrirtækjanna sem ræður úrslitum.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í 10 kafla og 24 greinar. Fyrsti kafli er um orðskýringar og gerir nefndin á honum grundvallarbreytingar sem nánar verður getið um síðar. Annar kafli fjallar um rétt til reksturs fjarskipta. Nefndin leggur til að veigamikil breyting verði gerð á þessum kafla. Enda þótt talið sé rétt að ríkið hafi eftirleiðis sem hingað til einkarétt á að eiga og reka á Íslandi og í íslenskri land- og lofthelgi hvers konar fjarskiptavirki til almenningsnota leggur nefndin til að ráðherra fjarskiptamála fái mjög rúma heimild til að veita einstökum innlendum mönnum, félögum eða stofnunum undanþágu frá þessum einkarétti. Enn fremur er það skoðun nefndarinnar að gefa eigi ráðherra kost á því að veita öðrum aðila en Póst- og símamálastofnun umboð til að viðurkenna fjarskiptabúnað til tengingar við fjarskiptavirki ríkisins. Er með þessu komið til móts við óskir samtaka eins og Verslunarráðs Íslands.

Þriðji kafli fjallar um skyldu til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum og er hann óbreyttur frá gildandi lögum. Yfirskrift fjórða kafla er stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála. Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á þessum kafla. Í fyrsta lagi að tekið verði upp ákvæði um að ráðherra setji almennar reglur um verðlagningu söluvöru sem

stofnunin lætur notendum í té og ákvæði um að stofnunin gefi út verðskrá sem liggi frammi á öllum afgreiðslustöðum hennar. Í öðru lagi gerir nefndin það að tillögu sinni að ákvæðið um heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að fella niður afnotagjöld af sínum elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, falli niður. Það er álit nefndarinnar að það samrýmist ekki hlutverki og rekstri fjarskiptastofnunar að veita einstökum þjóðfélagsþegnum styrki eða greiða niður framfærslukostnað þeirra. Enn fremur er það að mati nefndarinnar mjög óeðlilegt að hinn almenni símnotandi beri kostnað af slíkum niðurgreiðslum. Nær væri að allir skattþegar landsins beri þennan kostnað og að hann yrði greiddur í gegnum almannatryggingakerfið.

Fimmti kafli fjallar um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja og eru ekki gerðar á honum neinar efnisbreytingar. Sama er að segja um sjötta til og með tíunda kafla frumvarpsins að nefndin taldi ekki ástæðu til verulegra efnisbreytinga. Ef um minni háttar breytingar er að ræða, svo og orðalagsbreytingar, er þeirra getið hér á eftir þegar fjallað er um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru orðskýringar samkvæmt því sem er í gildandi lögum. Hér er gefin frekari skýring á orðinu „fjarskiptavirki“ og bent á að undir það heyrir m.a. tíu tilgreind kerfi. Enn fremur má benda á að kerfin, sem tilgreind eru undir lið 1 til og með lið 5, gætu á komandi árum runnið saman í svokallað fjölnotakerfi.

Undir lið 8 um notendakerfi er skýrt tekið fram að lagnir notanda tengjast við þann hluta fjarskiptavirkis ríkisins sem staðsett er innan húsrýmis viðkomandi notanda. Hér er átt við „húskassa“, „fjölsímaendabúnað“ eða „notendastig í sjálfvirkri símstöð“ og fer eftir því hvað hentugast telst og árangursríkast frá hagræðingarsjónarmiði.

Fjarskiptavirki, sem eingöngu er ætlað til viðtöku á útvarpsefni (hljóðvarps og sjónvarps) og eingöngu til eigin nota eiganda fjarskiptavirkisins, fellur að mati nefndarinnar sem slíkt undir skilgreiningu frumvarpsins á notendakerfi. Að sjálfsögðu skal sams konar leyndarskylda vera um þetta, eins og segir í VI. kafla laganna, um það efni sem er ætlað almenningi.

Síðasta málsgrein nógildandi laga er ekki talin eiga samleið með orðskýringum og er því flutt undir 2. gr. í þessu frumvarpi og verður 3. mgr. þar.

Um 2. gr.

Grein þessi er tilvarandi 1. og 2. mgr. 2. gr. nógildandi fjarskiptalaga og 2. mgr. í 3. gr. sömu laga. Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, eru sem hér segir:

Í 1. mgr. er í stað „stofna til“ tekið inn orðið „eiga“, í stað „fjarskipti“ eru sett inn orðin „fjarskiptavirki til almenningsnota“ og þar að auki eru gerðar aðrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Í 3. mgr. felst meginbreytingin á nógildandi lögum og sú afdrifaríkasta. Nefndin leggur til að fellt verði niður skilyrðið „þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík“.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að á 106. löggjafarþingi 1983–1984, þegar frumvarp til nógildandi laga var til umfjöllunar, var við afgreiðslu þess tekið inn þetta skilyrta ákvæði. Nefndin taldi að það bæri að gefa ráðherra miklu meira frjálstræði og svigrúm til að koma til móts við aukna samkeppni á sviði fjarskipta, jafnt sem á öðrum sviðum samskipta. Hér er í

fyrsta sinn farið inn á nýja braut sem er mjög vandrötuð og viðkvæm gagnvart gjaldtöku og þeim grundvelli sem gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu eru byggðar á.

Þegar í lögum þessum er talað um innlenda aðila er höfð í huga skilgreining í 7. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. núgildandi fjarskiptalaga um einkarétt ríkisins til „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra“ verði felld niður.

Eins og áður sagði er lagt til að 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga verði 2. mgr. 2. gr. í þessu frumvarpi.

Samkvæmt þessu hefst 3. gr. frumvarpsins á 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í hana er tekið inn það nýmæli að ráðherra er veitt heimild til að fela annarri ríkisstofnun en Póst- og símamálastofnun umboð til að viðurkenna fjarskiptabúnað. Þrátt fyrir þetta ákvæði verður stofnunin að viðhalda og halda áfram prófunum að því er varðar skilyrði fyrir eðlilegum og tæknilega réttum rekstri símakerfanna.

Annað nýmæli er það að lagt er til að innflytjandi eða framleiðandi fjarskiptabúnaðar sé ekki lengur skyldaður til þess að hafa varahluti eða viðhaldsþjónustu fyrir þann búnað sem hann flytur inn eða smíðar.

Í 3. mgr. er aflétt þeirri skyldu, sem Póst- og símamálastofnun er lögð á herðar með gildandi lögum, að hafa ætíð til sölu allan almennan notendabúnað en samkvæmt frumvarpinu er henni það eftir sem áður heimilt.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. gildandi laga; þó er sú orðalagsbreyting gerð að í stað orðsins „flugvélu“ er sett „loftförum“ sem er viðurkennt samheiti fyrir flugvélar, þýrlur, sviffflugur o.fl.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum. Hér er eins og áður ákvæði um að Póst- og símamálastofnun hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila sem með sérstökum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum. Hin svonefndu „kapalckerfi“ falla undir þessa grein fjarskiptalaganna að því er varðar tæknilega eiginleika þegar öllum ákvæðum útvarpslaga hefur að öðru leyti verið framfylgt, m.a. heimildum útvarpsréttarnefndar.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða samsvarandi mgr. 9. gr. gildandi laga með þeirri breytingu þó að lagt er til að skotið verði inn tilvísun í lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Nýmæli er í 2. mgr. Þar segir að ráðherra skuli setja almennar reglur um verðlagningu þeirrar söluvöru sem Póst- og símamálastofnunin lætur notendum í té og að hún skuli gefa út

verðskrá sem liggja skal frammi á öllum afgreiðslustöðum hennar. Með þessu ákvæði er komið til móts við þá aðila sem gagnrýnt hafa stofnunina fyrir að hafa ekki birt almenningi verð á söluvöru sinni á aðgengilegan hátt.

Þriðja málsgrein er samhljóða 2. mgr. 9. gr. gildandi laga með smávægilegri orðalagsbreytingu. Lagt er til að 3. mgr. 9. gr. gildandi laga verði felld brott. Varðandi rökstuðning fyrir því vísast til greinargerðar hér að framan þar sem rætt er um efnisatriði einstakra kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða samsvarandi grein í gildandi fjarskiptalögum, en gerðar eru á henni nokkrar orðalagsbreytingar til þess að gera ákvæði hennar skýrari að fenginni reynslu af framkvæmd hennar.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga. Eina breytingin, sem lagt er til að gerð verði, er að fyrri hluti greinarinnar er umskrifaður og stytur nokkuð og með því gerður skýrari.

Um 16.–22. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 23. gr.

Grein þessi hefur að geyma viðurlagaákvæði laganna við brotum á þeim. Ekki er lagt til að efnislegar breytingar verði gerðar á þeim, að undanskildu því að lagt er til að ákvæðið í niðurlagi 2. másl. varðandi bætur fyrir viðskiptatap verði felld brott.

Um 24. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Í umræðu manna um símamál eða fjarskiptamál virðist vera útbreiddur sá misskilningur að „staða Póst- og símamálastofnunar gagnvart neytendum verði hliðstæð stöðu rafveitu, vatnsveitu og hitaveitu . . .“ eins og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands m.a. setur fram í bréfi dags. 5. jan. til samgönguráðuneytisins. Sé málið skoðað örlítið nánar er augljóst að hér getur ekki verið um að ræða hliðstæður nema að hluta til. Gagnvart rafveitu og

vatnsveitu er notandinn neytandi en símnotandinn er bæði neytandi og veitandi ef svo má segja þar eð um gagnkvæm tjáskipti er að ræða í þeim efnum. Símnotandi verður að hafa handa á milli símtæki eða fjarskiptatækni eftir því sem við á sem gerir honum kleift að velja númer viðmælanda hverju sinni og taka við og senda tal, tóna og hvers konar boð svo að fullnægjandi sé og að gagni komi. Hið almenna símanet (talsíma-, telex- og farsímanet) og hið almenna gagnanet mynda í sameiningu fjarskiptanet ríkisins sem í höfuðdráttum er tvískipt með vissum hætti. Í höfuðdráttum er fjarskiptakerfið tvískipt. Annars vegar eru langlínusambönd ríkisins og skiptistöðvar og hins vegar notendalínur með notendabúnaði.

Notendabúnaðurinn eða símtækið með öllu tilheyrandi er því allólikur vatnskranan eða rafrofa, sbr. tilvitnun hér að framan. Í þessu sambandi skal bent á til enn frekari fróðleiks nokkur höfuðskilyrði sem notendabúnaður verður að uppfylla til þess að fjarskipti geti farið fram viðstöðulaust og eins og til er ætlast.

1. Sendistyrkur símtækis skal vera innan settra marka.
2. Tónvalssending símatækis skal þannig háttáð að hverjum tölu- eða merkjahnappi tækisins tilheyra tveir tónar með tveimur ákveðnum tíðnum þar sem hvor tíðnin um sig hefur ákveðinn styrk og styrkmunur þeirra skal auk þess vera ákveðinn. Þannig hefur hver valhnappur sitt ákveðna tónkerfi eins og ljóst er hér að framan til þess að tryggja rétt númeraval samkvæmt alþjóðastaðli.
3. Símtækið skal hafa ákveðið næmi gagnvart 25 riða hringispennu.
4. Tíðnisvið símtækis skal uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði að því er varðar jafngildi allra tóna innan sviðs talaðs máls (300–3400 rið) fyrir sendingu og móttöku.
5. Rafstraumsviðnám símtækis skal ekki fara yfir 600 ohm þegar lyft er af og skal að auki vera yfir 500 kohm þegar lagt er á.
6. Endurkastsdeyfing skal vera innan tiltekinna marka.
7. Símtækið skal vera hæft til þess að taka við orku frá 48 volta rafhlöðu símstöðvar gegnum 2x400 ohma spólur og notendalínu.
8. Símtækið skal ekki valda truflun inn á tal- og hlustrásir.
9. Gagnaflutningstækin skulu uppfylla tilsettar lágmarkskröfur samkvæmt eðli málsins í hverju tilviki og m.a. fylgja settum alþjóðastöðlum.
10. Notendalína skal vera hæf til gagnaflutnings og hvers konar boða að hámarkshraða 19200 bitar/sek., ef því er að skipta, á styttri leiðum innan bæjar, en á lengri leiðum er hraði viðskipta 9600 bitar/sek. gagnvart gagnaflutningi.

X-25 net

